

ingar og til þess þær kunngjörið það þeim, er hlut eiga að máli, 1863.
að stjórnarráðið fellst á þá uppástungu yðar, að hafnargjöldin 30. janúarm.
sjeu eigi frekar lækkuð.

4. Konungsúrskurður um próf í íslenskri tungu.

8. febrúarm.

Eptir uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast úrskurðað:

að próf það í íslensku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir, samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. apríl. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sé einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sé haldið í heyranda hljóði og séu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hafa ráðgæzt um það við kirkju- og kennslustjórnina.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

13. febrúarm.

Frá hinu síðasta alþingi Íslendinga hefir dómsmálastjórninni borizt þegnleg bænarskrá, sem eptirrit af fylgir með bréfi þessu, um ráðstafanir, er nauðsynlegar séu móti yfirgangi útlendra fiskimanna við Ísland; svo hefir og komið bænarskrá, er fer í líka átt, frá lögþingi Færeyinga, því er haldið var árið 1861, og fylgir einnig hér með útdráttur úr þeirri bænarskrá.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir utanríkisstjórninni skjöl þessi og skýrskotar til bréfa þeirra, er fóru milli hennar og utanríkisstjórnarinnar árið 1859 út af bænarskrám, er komið höfðu um sama efni, og um leið og hún getur þess, að ekki virðist vera næg ástæða til eptir uppástungu alþingis að reyna